



ServerWind RB Baldvin Þeyr Björnsson	1,5 m.kr.	Verkefnið felst í áframhaldandi þróun og hönnun lítillar vindmyllu sem nýtir endurunna mótoru úr gömlum net-þjónadiskum (server-diskum). Markmiðið er að skapa umhverfisvæna, hagkvæma og aðgengilega örvindmyllu sem sýnir hvernig úr sér genginn tölvubúnaður getur fengið nýtt hlutverk sem fullvirkur rafall.	Norðurland eystra
IORDEN Margeir Haraldsson Arndal	9 m.kr.	IORDEN er hagkvæm vél- og hugbúnaðarlausn sem sjálfvirknivæðir gæðaskráningu og einfaldar rekjanleika matvæla fyrir smærri matvælaframleiðendur. Lausnin gerir þeim kleift að uppfylla síbreytilegar og hertar kröfur um gæðaeftirlit og skráningar.	Vestfirðir
Sjálfvirk hæðarmæling áls og baðefnis í kerjum í álframleiðslu Leval ehf.	12 m.kr.	Verkefnið snýst um það að hanna og framleiða skynjara-tækni sem á sjálfvirkan hátt mælir og greinir hæð fljótandi áls og baðefnis í framleiðslukeri álvers.	Suðurnes
Jarðhita nano kísill sem líförvandi efni til gróðuræktar GeoSilica Iceland	7 m.kr.	Kemur viðeigandi upplýsingum áfram inn í stjórnkerfi álversins og eykur til muna tíðni og gæði gagna.	Norðurland eystra
Bændabatterí Alor ehf.	3,5 m.kr.	Þróun á Bændabatterí, skalanlegri orkugeymslulausn fyrir íslenskan landbúnað sem felst í að gefa notuðum rafbílaraflhöðum framhaldslíf. Lausnin gerir bændum kleift að geyma endurnýjanlega orku, s.s.sólarorku, tryggja varaafll og draga úr notkun díselrafstöðva. Verkefnið nær til lokahönnunar, smíði pilot lausnar og prófana í raunrekstri.	Norðurland vestra
Fjarlækningar Þorvaldur Birgir Arnarsson	8 m.kr.	Fjarlækningar ehf. þróar stafræna heilbrigðisþjónustu sem eykur aðgengi að læknisþjónustu, styttr biðtíma og léttir álagi á heilsugæslu. Lausnin byggir á skipulagðri sögutöku og fjarþjónustu fyrir algeng erindi með það að markmiði að bæta gæði, skilvirkni og nýtingu heilbrigðisauðlinda á landsvísu, sérstaklega fyrir fólk á landsbyggðinni og utan hefðbundins opnunartíma.	Suðurland
Góða ferð Diego Ragnar Angemi	3 m.kr.	Góða ferð er samferðakerfi fyrir dreifbýlt Ísland sem tengir öikumenn og farþega til að skipta ferðakostnaði. Kerfið hefst á Vestfjörðum - svæði án almenningssamgangna - og stefnir að því að koma í stað óformlegu Facebook-hópanna sem Íslendingar nota til samferða, með fjöltyngdri þjónustu fyrir íbúa og ferðamenn.	Vestfirðir
Fiskibeinakex - nýting aukaafurða í næringarríkt snakk RTD Rannsóknir og tækniþróun Ísland ehf.	2,5 m.kr.	Verkefnið gengur út á þróun nýrrar matvöru þar sem fiskibein eru nýtt sem aðalhræfni í hollum og kalkríkum millimálsbita. Áhersla er á nýsköpun í matvælavinnslu, aukna nýtingu sjávarafurða og þróun sjálfberrar, markaðs-hæfrar vöru sem skapar verðmæti og ný atvinnutækifæri á landsbyggðinni.	Suðurland
Blábankinn, suðupottur sköpunar frá hugmynd til markaðshæfrar vöru Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri	3 m.kr.	Blábankinn á Þingeyri verður þróaður sem vettvangur þar sem skapandi heimamenn fá markvissa aðstoð við að þróa hugmyndir í handverki og hönnun í markaðshæfar vörur. Verkefnið felur í sér skipulagt vöruþróunarferli með það að markmiði að skapa nýjar tekjur og styrkja atvinnulíf í Dýrafirði og nágrenni.	Vestfirðir
Leslingur - öflugt upplestrarforrit Grammatek ehf.	4,6 m.kr.	Leslingur er öflugt en einfalt forrit fyrir Windows og macOS sem les íslenskan texta upphátt. Það gerir vinnu og nám þeirra sem nýta sér sjálfvirkan textaupplestur mun skilvirkari og stuðlar að því að þessi hópur geti unnið og lært á jafnréttisgrundvelli.	Suðurland
Tannhirðuvörur Full5 Care Rögnvaldur Snorri Björnsson	2,8 m.kr.	Að hanna og þróa tannhirðuvörur sem stuðla að bættri tannhirðu og tannheilsu, með samþættingu bursta og tannþráðar í eitt verkfæri og þróa tanngel og tannkrem sem flytja virk bakteríuhamlandi innihaldsefni á milli tanna og í tannskörð. Vörurnar verða úr lífbrjótanlegu plasti (PHA).	Norðurland eystra
Krispa Fisk Snakk Alda Björk Ólafsdóttir	6 m.kr.	Krispa Fisk Snakk, eru þunnar, kryddaðar snakkflögur, áþekkar kartöfluflögum í útliti og áferð, sem innihalda þurrkaðan íslenskan fisk. Um er að ræða vöru á sviði heilsusnakks, stútfullar af próteini. Má segja að Krispa Fisk Snakk sé nútíma harðfiskur fyrir nýar kynslóðir.	Suðurland
Byggð á Blönduósi, stafræn söguleiðsögn Sýndarveruleiki	6,6 m.kr.	Verkefnið er næsti áfangi í þeirri vegferð sem þegar er hafin við uppbyggingu stafrænnar sögumiðlunar um gamla bæinn á Blönduósi. Viðfangsefni verkefnisins er óstaðbundin og sveigjanleg sýningarhönnun þar sem markmiðið er að tengja saman sýndarveruleika (VR) og viðbótarveruleika (AR) við heildstæða sýningu sem er óháð staðsetningu.	Vesturland
Staðbundin matvælanýsköpun : Þróun ferskra pylsa til viðriðs-aukningar lamba og kálfakjöts. Hólavegur ehf.	1,8 m.kr.	Verkefnið felst í þróun á ferskum lamba- og kálfapylsum úr hráefni með takmarkaða framlegð, með áherslu á virðisaukningu og betri nýtingu íslenskra búfjárafurða. Unnið verður með lágmarkun aukaeftna og þróun mildra geymsluaðferða, með það að markmiði að styrkja matvælavinnslu og atvinnusköpun í Fjallabyggð.	Norðurland eystra
Sif's Hair Atelier development of premium wig and hair Laura Martin Merino	3,3 m.kr.	Sif's Hair Atelier er nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni í Hvalfjarðarsveit sem miðar að þróun hággæða hárkolla og hárlausna fyrir konur sem glíma við læknisfræðilegt eða ástandstengt hárlós. Verkefnið sameinar vöruþróun, prófanir, staðfestingu birgja og þróun stafræns þjónustulíkans til að bæta aðgengi að sérhæfðum hárlausnum á Íslandi og skapa grunn fyrir útflutningsmöguleika.	Vesturland
Þróun aðferða til lífrænnar berjaræktunar á köldum stað Elínborg Erla Ásgeirsdóttir	3 m.kr.	Þróun aðferða til lífrænnar berjaræktunar á köldum svæðum Íslands. Verkefnið felur í sér tilraunir með mismunandi ræktunaraðferðir fyrir hindber, jarðarber og kirsuber til að meta hvaða lausnir henta best við aðstæður þar sem aðgangur að jarðhita er takmarkaður. Markmiðið er að auka fjölbreytni í innlendi matvælaframleiðslu.	Norðurland vestra
Ulvtran Sjálfbær nýting þörunga til verðmæta-sköpunar Kristófer Sveinn Arnar Palmer Júlíusson	5 m.kr.	Ulvtran þróar nýja aðferð til að vinna verðmætar fjölsykrur úr þörungum og skapa þannig grunn að sjálfbærri nýtingu íslenskra lífauðlinda og nýrri verðmætasköpun.	Vesturland
Startup Landið viðskiptahraðall Samtök sveitarfélaga	6 m.kr.	Startup Landið er sameiginlegur viðskiptahraðall allra landshlutasamtaka á Íslandi sem hefur það að markmiði að efla nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi á landsbyggðinni. Verkefnið byggir á samstarfi SSNE, SSNV, Vestfjarðastofu, Austurbrúar, SASS, SSS og SSV og nýtir sameiginlega þekkingu, reynslu og tengslanet þessara aðila til að styðja við frumkvöðla um allt land.	Allt land
Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði 	3 m.kr.	Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði er nýr vettvangur fyrir kraftmikla nýsköpun í matvælaframleiðslu. Verkefnið skapar aðstöðu þar sem hugmyndir verða að vörum, eykur verðmæti hráefna og styrkir atvinnulíf á svæðinu. Með samvinnu og þekkingu byggjum við upp framtíðar-möguleika fyrir frumkvöðla og matvælaíðnað á landsbyggðinni.	Austurland
Kveikjan EA Drift EA	3 m.kr.	Kveikjan EA (Ignite Iceland) er samstarfsverkefni sem innleiðir norræna aðferðafræði Ignite Nordic á Íslandi. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni landsbyggðarinnar með því að tengja raunverulegar áskoranir fyrirtækja annars vegar við lausnir frumkvöðla og hins vegar við hagnýt nemendaverkefni.	Norðurland eystra
SamVíst: Stoðkerfi fyrir samfélagsdrifin STEM námsvistkerfi á landsbyggðinni STEM Ísland	4 m.kr.	SamVíst styrkir og tengir samfélagsdrifin STEM og STEAM námsvistkerfi á landsbyggðinni með uppbyggingu stoðkerfis og samstarfsvettvangs. Markmiðið er að efla framtíðarfærni, nýsköpun og samhæfingu milli menntunar, atvinnulífs og samfélags, og styðja sjálfbæra þróun í íslenskum byggðum.	Norðurland eystra